

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

vegna stöðu Spkef sparisjóðs.

AÐDRAGANDI:

Á grundvelli VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það tekið yfir vald hluthafafundar eða fundar stofnfjáreigenda í því skyni að taka ákvarðanir um nauðsynlegar aðgerðir, þar á meðal að takmarka ákvörðunarvald stjórnar, víkja stjórn frá að hluta til eða í heild sinni og skipa bráðabirgðastjórn, taka yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafa slíku fyrirtæki í heild eða að hluta, meðal annars með samruna þess við annað fjármálafyrirtæki.

Þann 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009. Með ákvörðuninni tók Fjármálaeftirlitið yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík, vék stjórn frá í heild sinni og skipaði bráðabirgðastjórn yfir sjóðnum. Þá tók Fjármálaeftirlitið jafnframt ákvörðun um að ráðstafa öllum eignum Sparisjóðsins í Keflavík, nema þær væru sérstaklegar undanskildar, til Spkef sparisjóðs og kvað á um yfirtöku Spkef sparisjóðs á skuldbindingum vegna innlána og tiltekinna ábyrgða. Þessu til viðbótar voru yfirteknar veðskuldir er hvíldu á eignum að því leyti sem þær teldust tryggðar í hinni yfirteknu eign og ráðningarsamningar starfsmanna annarra en sparisjóðsstjóra og framkvæmdastjóra/forstöðumanna einstakra sviða. Markmið þessarar aðgerðar Fjármálaeftirlitsins miðaði meðal annars að því að tryggja aðgang að innstæðum, tryggja óskertan og truflunarlausan aðgang að bankaþjónustu og hindra að frekara tjón hlytist af á fjármálamarkaði.

Í 11. tölulið fyrrnefndrar ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins var kveðið á um að þar sem eignum væri ráðstafað til að mæta skuldbindingum skyldi samkvæmt ákvæði VI til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 meta virði eignanna sem ráðstafað yrði til Spkef sparisjóðs samkvæmt ákvörðuninni. Þá var kveðið á um að ef ekki tækist samkomulag um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlitið ákvæði skyldi niðurstaða matsaðila á virði eigna og skulda í því tilviki lagt til grundvallar uppgjöri milli aðila. Samningsumleitanir milli aðila leiddu til þess að undirritað var „Term Sheet“ þann 3. nóvember 2010 um uppgjör vegna yfirtekinna eigna og skulda með fyrirvara af hálfu beggja aðila, m.a. um gerð endanlegs samnings. Með yfirlýsingu, dags. 11. febrúar 2011 lýstu aðilar því yfir að samningsumleitunum milli þeirra hefði verið hætt og að farið yrði fram á það að Fjármálaeftirlitið tilnefndi matsmenn til að meta verðmæti yfirtekinna eigna og skulda í samræmi við 11. tölulið áðurnefndrar ákvörðunar eftirlitsins. Fyrir liggur að slíkt mat hefur ekki verið framkvæmt.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins til Fjármálaeftirlitsins, dags. 5. mars 2011, kemur fram að unnið hafi verið að fjárhagslegri endurskipulagningu Spkef sparisjóðs allt frá því að eftirlitið tók ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðsins í Keflavík til Spkef sparisjóðs. Hafi sú vinna í megin atriðum verið þrífætt. Í fyrsta lagi hafi verið unnið að því að semja um uppgjör vegna yfirtekinna eigna og skulda við slitastjórn Sparisjóðsins í Keflavík, í öðru lagi hafi verið unnið að því að leggja mat á fjárþörf Spkef sparisjóðs miðað við að hann uppfyllti kröfur Fjármálaeftirlitsins og í þriðja lagi unnið að því að leggja mat á

rekstrarhæfi sparisjóðsins. Í bréfinu kemur fram að Bankasýsla ríkisins hafi kynnt þann 3. mars 2011 fyrir fjármálaráðuneytinu að það væri niðurstaða starfshóps Bankasýslunnar að leggja til að leitað yrði eftir því að sameina Spkef sparisjóð við NBI hf. í stað þess að fjármagna hann með sjálfstæðum hætti. Taldi starfshópurinn að með því yrði fjármögnunarkostnaður ríkissjóðs lægri og rekstrarlegar forsendur fyrir starfsemi sparisjóðsins styrktist.

Í áður nefndu bréfi segir að fjármálaráðuneytið hafi, á grundvelli tillögu Bankasýslu ríkisins, leitað eftir samningi við NBI hf. um yfirtöku og samruna við Spkef sparisjóð og í dag, hinn 5. mars 2011, hafi samningur þess efnis verið undirritaðar. Í meginatriðum felur samningurinn í sér að NBI hf. tekur yfir rekstur, eignir og skuldbindingar Spkef sparisjóðs, með þeim hætti að sjóðurinn verður sameinaður NBI hf. Um er því að ræða samruna án skuldaskila þannig að Spkef sparisjóður er algerlega sameinaður NBI hf. með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku) og sparisjóðnum slitið. Í bréfi fjármálaráðuneytisins segir ennfremur að með samningi fjármálaráðuneytisins við NBI hf. um yfirtöku og samruna við Spkef sparisjóð sé fallið frá áformum um að fjármagna Spkef sparisjóð með beinum hætti. Aðstæður Spkef sparisjóðs séu mjög knýjandi og sé það mat fjármálaráðuneytis að fyrir hendi séu öll skilyrði til beitingar á ákvæði VI. til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002.

Samkvæmt 3. mgr. VI. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 þurfa aðstæður að vera mjög knýjandi til þess að Fjármálaeftirlitið geti gripið til aðgerða á grundvelli ákvæðisins. Er það afstaða fjármálaráðuneytisins í umræddu bréfi að aðstæður Spkef sparisjóðs séu knýjandi og að fjármögnun hans þoli ekki frekari bið. Mjög áriðandi sé að finna rekstri sparisjóðsins varanlegan farveg. Þá segir að miðað við mat stjórnenda sparisjóðsins sem kemur fram í bréfi til fjármálaráðuneytisins, dags. 25. febrúar sl., sé staða sjóðsins þannig um áramótin að eigið fé hans sé neikvætt um 11,2 ma.kr og 19,4 ma.kr. vanti uppá til þess að sparisjóðurinn uppfylli kröfur Fjármálaeftirlitsins um lágmarks eigið fé. Þá segir ennfremur að Spkef sparisjóður hafi átt við verulegan og viðvarandi lausafjárvanda að etja og að viðskipti hans við Seðlabanka Íslands hafi verið bundin skilyrði um ábyrgð af hálfu ríkissjóðs, sem fjármálaráðuneytið hafi veitt. Jafnframt telur fjármálaráðuneytið ljóst að rekstur og möguleikar Spkef sparisjóðs til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart innstæðueigendum og öðrum viðskiptamönnum sé alfarið háð beinum stuðningi og ábyrgð af hálfu ríkisins.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins er þess farið á leit við Fjármálaeftirlitið að það beiti heimildum sínum samkvæmt VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og fallist á að sameina Spkef sparisjóð við NBI hf. í samræmi við samning fjármálaráðuneytisins og NBI hf., dags. 5. mars 2011.

FORSENDUR:

Með vísan til alls ofangreinds telur Fjármálaeftirlitið ljóst að staða sparisjóðsins sé orðin þannig að ákvæði VI til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 eigi við um sjóðinn, enda liggja nú fyrir að fjármálaráðuneytið hafi fallið frá áformum um að fjármagna sparisjóðinn með beinum hætti. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að eiginfjár- og lausafjárvandi sparisjóðsins sé slíkur að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum. Forsendur fyrir afturköllun starfsleyfis eru fyrir hendi og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins ekki líkleg til að bera árangur. Allt framangreint felur í sér knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. VI. ákvæðis til bráðabirgða fyrrgreindra laga.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins kemur fram að samruni Spkef sparisjóðs við NBI hf. raski ekki uppgjöri milli Sparisjóðsins í Keflavík og Spkef sparisjóðs vegna yfirtöku eigna og skulda samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 22. apríl 2010, en leiði til þess að NBI hf. taki við réttindum og skyldum Spkef sparisjóðs gagnvart Sparisjóðnum í Keflavík. Þá kemur fram að í samningi fjármálaráðuneytisins við NBI hf. sé kveðið á um að ríkissjóður ábyrgist þær kröfur sem á NBI hf. kunna að falla vegna yfirtöku á eignum og skuldum Sparisjóðsins í Keflavík. Samruni Spkef sparisjóðs við NBI hf. raski þannig í engu hagsmunum kröfuhafa Sparisjóðsins í Keflavík. Einnig er það mat fjármálaráðuneytisins að samruninn

hafi engin áhrif á rétt slitastjórnar Sparisjóðsins í Keflavík til aðgangs að gögnum og upplýsingum um mál sem þar eru til rannsóknar eða slitastjórnin eða aðrir kynnu síðar að vilja hefja rannsókn á. Með vísan til framangreinds er það mat Fjármálaeftirlitsins að hagsmunum viðskiptamanna, kröfuhafa og annarra hlutaðeigandi aðila sé gætt með þeirri ráðstöfun sem felst í samningi aðila.

ÁKVÖRÐUN

Á grundvelli heimildar í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009, er það ákvörðun Fjármálaeftirlitsins að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Spkef sparisjóðs og taka eftirfarandi ákvarðanir um aðgerðir sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar:

1. NBI hf., kt. 471008-0280, tekur í einu lagi frá og með mánudeginum 7. mars 2011, kl. 8.30 við rekstri, eignum og skuldbindingum Spkef sparisjóðs, kt. 620410-0120, samkvæmt samningi, milli íslenska ríkisins og NBI hf., um yfirtöku NBI hf. á Spkef sparisjóði, dags. 5. mars 2011. Um er að ræða samruna án skuldaskila þannig að Spkef sparisjóður er algerlega sameinaður NBI hf. með yfirtöku eigna og skulda (samruni með yfirtöku). Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna samrunans.
2. Uppsetning sameiginlegs efnahags- og rekstrarreiknings skal miða við 1. janúar 2011, sem telst vera uppgjörsdagur samrunans samkvæmt áðurgreindum samningi.
3. Spkef sparisjóði telst slitið frá og með mánudeginum 7. mars 2011, kl. 8.30. Ekki er skylt að gefa út innköllun til lánardrottna vegna þeirra slita.
4. Engin vanefndaúrræði viðsemjanda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.


Ákvörðun þessi byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta, eða fresta einstökum þáttum hennar.

Ákvörðun þessi er tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

5. mars 2011


Kristín Haraldsdóttir
Varaformaður stjórnar


Gunnar Þ. Andersen
Forstjóri